

# Áherslur í ríkisrekstri fyrir árið 2021

Á síðunni eru áherslur í ríkisrekstri fyrir árið 2021 sem samþykktar voru í ríkisstjórn í desember 2020.

Í [fjármálaáætlun 2021-2025](#) er lögð áhersla á að allar stofnanir ríkisins forgangsraði verkefnum og vinni að umbótum í starfsemi, sveigjanlegum rekstri og markvissri stjórnun mannauðs. Þá er mikilvægt að allir ríkisaðilar vinni í samræmi við loftslagsmarkmið stjórnvalda.

**Loftslagsmál** - Vinni stöðugt að því að efla vistvænan rekstur ríkisins og hafi þar í huga eftirfarandi:

- Setji sér loftslagsstefnu í samræmi við lög nr. 86/2019 og hafi til hliðsjónar [leiðbeiningar](#) sem finna má á vef [Grænna skrefa](#) við gerð hennar.
- Vinni að því að uppfylla öll fimm Grænu skrefin í ríkisrekstri á árinu í samræmi við skilyrði [Loftslagsstefnu Stjórnarráðsins](#). Stofnanir sem ekki hafi þegar skráð sig til þátttöku ljúki a.m.k. innleiðingu á skrefi tvö fyrir 1. júní 2021 og klári öll skrefin fimm fyrir árslok í samræmi við skilyrði stefnunnar.
- Við kaup á bílum verði eingöngu keyptir vistvænir bílar, nema öryggis- eða notkunarkröfur krefjist annars í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar frá 13. desember 2019.
- Sporni gegn matarsóun í mötuneytum, í samræmi við [innkaupastefnu matvæla](#) fyrir ríkisaðila.

**Betri og skilvirkari opinber þjónusta** - Auki svigrúm sitt til að veita betri og skilvirkari þjónustu og nýti sér eftirfarandi möguleika:

- Hámarki nýtingu þeirra aðfanga sem í reksturinn fara til þess að tryggja sjálfbærni í rekstri með því að huga að þáttum eins og samvinnu og samrekstri, forgangsröðun verkefna og skipulagi starfseminnar.
- Greini tækifæri til að stór auka stafræna þjónustu sína og nýti í því skyni þjónustu [Ísland.is](#) og [Verkefnastofu um Stafrænt Ísland](#) og kynni sér Handbók um stafræna umbreytingu sem styður við [stafræn umskipti stofnana](#).
- Stundi nýsköpun til að bæta opinbera þjónustu og gera hana skilvirkari, í takt við þarfir notenda, í samræmi við [markmið stjórnvalda um opinbera nýsköpun](#).
- Nýti sér opinn hugbúnað og hönnunarkerfi á vegum [Ísland.is](#) og auki vægi opins hugbúnaðar í starfsemi sinni til að stuðla að aukinni samnýtingu hugbúnaðar, lækkunar þróunarkostnaðar og aukinni nýsköpun.
- Veiti aðgengi að viðeigandi gögnum sínum um gagnaflytningu [Strauminn \(X-Road\)](#), sem tryggir öruggan og skilvirkan flutning gagna.
- Innleiði nýjan [samræmdan skrifstofuhugbúnað](#) ríkisins (Microsoft 365) og fullnýti möguleika hans til að auka skilvirkni og samstarf og kynni sér kosti rafrænnar undirritunar til hagræðingar og skilvirkni.
- Nýti möguleika við innkaup þjónustu, vöru og verka til að auka sjálfbærni, hagkvæmni og virði í samræmi við [innkaupastefnu ríkisins](#) og hagnýti [innkaupakerfi](#) í fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins (rafrænar beiðnir og pantanir).

**Mannauður** - Efli ríkið sem góðan vinnustað með því að huga að eftirfarandi:

- Móti og virkji mannauðsstefnu sem stuðlar að aukinni starfsánægju, eðlilegri starfsmannaveltu og fækkun fjarvista.
- Fylgi eftir og útfæri áfram þjónustu og skilvirkniaðgerðir mótaðar af stofnun vegna [betri vinnutíma](#), á grunni kjarasamninga meirihluta bandalaga/félaga.
- Hagnýti fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins þannig að hægt sé að fá yfirsýn yfir mannauðsmælikvarða á borð við menntunarstig starfsfólks, starfsmannaveltu og fjarvistir.
- Viðhaldi jafnlaunavottun, sbr. lög nr 56/2017, og fylgi eftir aðgerðaáætlun um úrbætur.